

# Vikufréttir

Vika 51 (14.12.2020 – 18.12.2020)

## Mánudagur

- ✓ Tarzanleikur í íþróttum
- ✓ Kynning á stærðfræðiverkefninu “Hvað kosta jólin“ í öllum bekkjum unglíngadeildar.
- ✓ Upptökur fyrir litlu jólin hjá 3. og 4.bekk frá klukkan 08:00-10:00 í Salnum

## Þriðjudagur

- ✓ Tarzanleikur í íþróttum
- ✓ Upptökur fyrir litlu jólin hjá 10.bekk kl.13:20 í íþróttahúsinu

## Miðvikudagur

- ✓ Jólavideo á unglíngastigi fyrir hádegi
- ✓ Upptökur fyrir litlu jólin hjá 6.b í Salnum kl. 8:20

## Fimmtudagur

- ✓ Jólustuð á unglíngastigi – Piparkökumálun, ratleikur og spil.

## Föstudagur

- ✓ Litlu jólin – stofujól frá kl.10:00 til 12:00.



## Annað:

Kæru foreldrar, við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Skóli hefst aftur á nýju ári mánudaginn 5. janúar. Skipulagsdagur er hjá starfsfólki skólans 4. janúar.

## Spakmæli:

“Ekki láta hlutina sem þig langar í gleyma því sem þú átt nú þegar,,

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.  
Ábm.: Guðdís Jónsdóttir

## Jólaútlarpið 2020

Nú er að ljúka útsendingu á jólaútlarpinu hjá okkur þetta árið. En Útlarp Óðal 101,3, jólaútlarp Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi, er árviss viðburður á aðventunni og ómissandi liður í jólaundirbúningi í Borgarbyggð allt frá árinu 1992. Síðustu ár hefur einnig verið sent út á netinu þannig að hvar sem er í veröldinni má hlusta á útlarpið og á Fm Óðal góðan hlustendahóp víða um lönd.

Í Grunnskólanum í Borgarnesi eru allir nemendur skólans þátttakendur í verkefninu og tekur undirbúningur jólaútlarpsins þrjár til fjórar vikur. Nemendur yngri bekkja gera sameiginlegan bekkjarþátt og fær hver bekkur úthlutað einum klukkutíma til útsendingar. Þátturinn er hljóðritaður fyrirfram og vinna nemendur undir styrkri leiðsögn kennara sinna sem leggja á sig töluverða vinnu við undirbúninginn.

Nemendum í 8.–10. bekk gefst kostur á að vera með þátt í beinni útsendingu. Enginn fær þó að fara óundirbúinn í beina útsendingu, allir verða að skila inn handriti til kennara. Undirbúningur þáttanna fer allur fram í skólanum, íslenskukennarar bekkjanna stýra þeirri vinnu og er jólaútlarpið sérstakur liður í íslenskunáminu.

Hitann og þungann af vinnu við undirbúning og útsendingar útlarpsins ber stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi ásamt tæknimönnum sem sjá um tæknimál. Krefst þetta mikillar vinnu og leggja krakkarnir nótt við dag til þess að láta allt ganga upp.

Mikið og fjölbreytt nám fer fram við framkvæmd þessa verkefnis, nám fyrir tæknimenn, nám í íslensku, handritsgerð og framsögn og þjálfun í að koma fram, vinna við markaðsmál, fréttamennsku, auglýsingagerð o.fl. Auk þess sem hér er um mjög skemmtilegt verkefni að ræða sem setur sterkan svip á bæjarlífið og jólaundirbúninginn. Margir góðir og áhugaverðir þættir voru fluttir þetta árið og efnið fjölbreytt. Gaman að fylgjast með krökkunum í verkefninu og sjá hvernig þau eflast og styrkjast í þessari vinnu.

Þökkum öllum þeim sem styrktu verkefnið og komu að jólaútlarpinu með okkur. Og takk fyrir að hlusta.